



FRÉTTATILKYNNING

FIMM ÁRA ÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR 2013-2017

Framsetning og vinnsla

Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er sett fram í samræmi við 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglur Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar sem samþykktar voru af borgarráði 9. febrúar 2012. Áætlunin samanstendur af samstæðuáætlun af A og B hluta, sbr. 60. gr. laganna.

Við framsetningu og vinnslu er fylgt sömu framsetningu, vinnslu og skilgreiningum og gilda við gerð fjárhagsáætlunar 2013 (sjá fréttatilkynningu um fjárhagsáætlun 2013).

Samstæða


Rekstur

Rekstrarniðurstaða samstæðu árið 2014 er áætluð 11,3 milljarðar, árið 2015 um 11,2 milljarðar, árið 2016 um 12,8 milljarðar og árið 2017 um rúmlega 13,1 milljarð. Frumvarp að fjárhagsáætlun 2013 gerir ráð fyrir tæplega 7,6 milljarða jákvæðri afkomu og er því áætlað að afkoma batni á tímabilinu um 5,6 milljarða.

Áætlað er að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði verði á bilinu 20,4 til 22,6 milljarðar og batni um 3,2 milljarða á tímabilinu eða um 16,6% miðað við frumvarp 2013.

Fjármagnsgjöld eru áætluð á bilinu 4,4 til 5,9 milljarðar á tímabilinu 2014-2017 og að þau lækki um tæplega 38%, sem skýrist fyrst og fremst af því að gert er ráð fyrir niðurgreiðslu skulda í samstæðu og að áætlun er á föstu verðlagi og ekki kemur til verðbreytingafærslna á skuldir.


Áætlað er að rekstrartekjur aukist um 5,6 milljarða eða um 4,4% en rekstrargjöld aukist um 2,4 milljarða eða 2,2% á tímabilinu 2013-2017.





Efnahagur

Áætlað er að eignir dragist saman á tímabilinu 2013 til 2017 um 2,6 milljarða og verði í lok tímabils 450,9 milljarðar. Skuldir og skuldbindingar dragast hins vegar saman um 51,4 milljarða eða 17% og nema 249 milljörðum við lok tímabils. Eigið fé eykst um 48,8 milljarða eða 33,6% og verður 194,1 milljarður í lok tímabils. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar hækkar á tímabilinu úr 32% árið 2013 í rúmlega 43,1% árið 2017.



Sjóðstreymi

Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 37 milljarðar á tímabilinu 2013 til 2017. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum lækka fram til ársins 2016 en hækka þá lítillega aftur. Fjárfestingar eru áætlaðar samtals um 63 milljarðar, þar af hjá Orkuveitu Reykjavíkur um 26,3 milljarðar, Eignasjóði 21,4 milljarðar, Félagsbústöðum 4,7 milljarðar, Faxaflóahöfnum 4,3 milljarðar, Sorpu 3,5 milljarðar, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins 900 mkr og Strætó 1,3 milljarður.

Áætlun tímabilsins gerir ráð fyrir að sala eigna nemi um 12,6 milljörðum. Þar af áforma Félagsbústaðir að selja eignir fyrir um 1,8 milljarða á tímabilinu og Orkuveitan um 7 milljarða. Eignasjóður áformar sölu byggingaréttar fyrir um 3,5 milljarða.

Fjármögnunarahreyfingar eru áætlaðar neikvæðar um 90 milljarða á tímabilinu 2013 til 2017, sem



skýrist af umfangsmiklum niðurgreiðslum á skuldum, einkum hjá Orkuveitunni. Gert er ráð fyrir að afborganir langtímalána nemi 107 milljörðum á tímabilinu. Útkomuspá vegna ársins 2012 gerir ráð fyrir að afborganir nemi tæpum 19 milljörðum. Samanlagt er því gert ráð fyrir að afborganir skulda nemi 126 milljörðum frá upphafi árs 2012 til loka árs 2017. Gert er ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur greiði niður skuldir að fjárhæð 94 milljörðum á tímabilinu í samræmi við aðgerðaáætlun OR og eigenda.

